

Nd.

232. Nefndarálit

[101. mál]

um frv. til laga um verðjöfnunargjald raforku.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Alþýðubandalagið er fylgjandi því að raforka verði seld á sama verði um land allt og telur slíkt vera réttlætismál. Forsenda fyrir varanlegri verðjöfnun á raforku er hins vegar sú, að hrundið verði í framkvæmd fyrirhugaðri samtengingu raforkukerfanna, svo sem drög voru lögð að í tíð vinstri stjórnarinnar. Þingmenn Alþýðubandalagsins greiddu atkvæði með verðjöfnunargjaldi því, sem hér um ræðir, í fyrria, en á þeirri forsendu að hér væri um bráðabirgðaráðstöfun að ræða. Af hálfu Alþýðubandalagsins kemur ekki til greina að ætla ákveðna hlutfallstölu til frambúðar í þessu skyni. Vitavert er að árið, sem nú er að líða, skuli ekki hafa verið notað til þess að leita annarra úrræða til að styrkja fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, né heldur að gerð hafi verið athugun á rekstri stofnunarinnar, en ýmislegt bendir til þess að rekstrarkostnaður hennar sé óhæfilega hár.

Eins og komið er mun ég eigi að síður mæla með samþykkt frv.

Alþingi, 18. des. 1975.

Vilborg Harðardóttir.